



Aðalfundur Brunavarna Árnesinga bs. haldinn í Árnesi í Skeiða- og Gnúpverjahreppi 14. október 2025 kl. 14:50.

Pétur Pétursson slökkviliðsstjóri, Heiða Ösp Árnadóttir og Lárus Kristinn Guðmundsson koma á fundinn.

1. Fundarsetning

Helgi Kjartansson formaður Brunavarna Árnessýslu setur fundinn og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar kallar formaður eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Lagt er til að Helgi Kjartansson verði fundarstjóri og Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari, er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Pétur flytur skýrslu stjórnar og svarar fyrirspurnum.

Nýlega var haldið gróðureldanámskeið á svæðinu fyrir slökkvilið á landsvísu, leiðbeinendurnir komu erlendis frá og tókst námskeiðið vel. Segja má að Íslendingar séu frekar aftarlega varðandi gróðurelda, mikilvægt er að fá þessa þekkingu hingað til landsins.

Annað hvert ár er nýliðakynning og í framhaldi eru teknir inn um þrjátíu nýliðar og hefur sú kynning nýlega farið fram.

Bangsinn "Björnis" er nú á Íslandi en hann er notaður í forvarnarframkomu fyrir slökkvilið. Þetta er mikið og stórt verkefni og fylgja honum margir fylgdarmenn. Stefnt er á að fá hann í heimsókn á svæði Brunavarna Árnessýslu næsta sumar.

Ræðir Pétur um slökkvistöðina á Laugarvatni en búnaður er kominn á staðinn og verið er að vinna í starfsmannaaðstöðu, stefnt er að því að steypa plan við stöðina í næstu viku ef veður leyfir.

Á Flúðum voru steyptir stöpplar í síðustu viku, en einhverjar smá tafir eru á framkvæmdum.

Á Borg er mikil vinna í gangi í undirbúningi á byggingu slökkvistöðvar, fundað er reglulega og er stefnt á að hún verði tilbúin í lok næsta árs.

Sýnir Pétur myndir frá útköllum BÁ sem af er ári. Mikið er um að þeir fari og aðstoði ferðamenn, einnig hafa dýr fengið hjálp. Gróðureldar hafa verið þó nokkrir í sumar, ásamt fjölda bruna og bílslysa. Það sem af er ári eru 9 látnir í verkefnum sem BÁ hefur komið að og 113 slasaðir, hafa ber í huga að þetta eru ekki eingöngu verkefni í sýslunni.

Fjöldi útkalla á stöðvar það sem af er ári eru 246. Sýnir hann útkallstímamælingar á dagvinnutíma. Útkallstími getur verið breytilegur. Það getur tekið langan tíma að komast til og frá útkallsstöð og á vettvang fer það eftir umferð á svæðinu sem farið er um.

Til máls taka auk formanns Arnar Freyr Ólafsson, Haraldur Þór Jónsson, Jón Bjarnason, Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir og Smári Bergmann Kolbeinsson.

3. Fundargerðir stjórnar lagðar fram til kynningar

Helgi fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 25. frá 12. febrúar, nr. 26 frá 14. mars, nr. 27 frá 23. apríl, nr. 28 frá 18. júní, nr. 29 frá 23. september, nr. 30 frá 30. september, nr. 31 frá 6. október, og nr. 32 frá 11. október ásamt fundargerð vorfundar Brunavarnar Árnessýslu frá 28 apríl. Fundargerðirnar eru lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

4. Staða framkvæmda hjá BÁ (Laugarvatn, Flúðir og Borg)

Farið er yfir stöðu framkvæmda í skýrslu stjórnar hér að framan.

5. Fjárhagsáætlun 2026

Pétur fer yfir fjárhagsáætlun ársins 2026 og svarar fyrirspurnum.

Til máls taka auk formanns Haraldur Þór Jónsson, Smári Bergmann Kolbeinsson, Jón Bjarnason, Bragi Bjarnason, Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Grétar Ingi Erlendsson, Arnar Freyr Ólafsson og Arna Ír Gunnarsdóttir.

Velt er upp þeirri hugmynd hvort að lántökur brunavarna eigi að taka fyrir í hverju sveitarfélagi fyrir sig frekar en að samþykkja á aðalfundi. Þá hafa sveitarfélög val um hvort þau greiði upphæðina eða taki þátt í lántöku. Er stjórn falið að skoða það.

Lagt er til að stjórn brunavarna í samvinnu við starfsmenn Brunavarna Árnessýslu komi með tillögur að vaktaskiptingu og greiningu á hvernig úrköllum er háttað í sýslunni. Hafa ber í huga að uppfylla fyrst þau skilyrði sem varða lögbundna vöktun áður en farið er í að bæta við vöktum eins og á kvöldin. Niðurstöður skulu lagðar fram til kynningar eigi síðar en á vörfundi 2026.

Sveinn Ægir Birgisson vísar af fundi kl. 16:03 við umræðu og afgreiðslu um húsnæði Björgunarfélags Árborgar að Árvegi 1.

Formaður leggur til eftirfarandi tillögu að bókun vegna kaupa á Árvegi 1 Selfossi:

Haustfundur Brunavarna Árnessýslu bs. haldin í Árnesi 14. október 2025 samþykkir kaupverð BÁ, á hluta af húsnæði Björgunarfélags Árborgar við Árveg 1 á Selfossi samtals 131,6 fermetrar. Kaupverðið er 36 milljónir króna og mun það greiðast í þremur jöfnum greiðslum. Slökkviliðsstjóra og stjórn Brunavarna er falið að ganga frá kaupunum og nánari útfærslu þeirra.

Tillagan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Sveinn Ægir Birgisson kemur inn á fundinn kl. 16:08.

Lagt er til að taka út úr fjárhagsáætlun tillögu um að bæta við tveimur starfsmönnum á kvöldvaktir, er það borið undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun með þeim breytingum sem lagðar eru til og tilgreindar eru hér að framan er borin undir atkvæði og samþykkt samhljóða.

6. Önnur mál

Grétar Ingi Erlendsson vekur athygli á frumvarpi um kílómetragjald. Ákveðið er að stjórn skili inn umsögn varðandi frumvarpið með athugasemd um að láta kílómetragjaldið ekki ná utan um sjúkra-, slökkviliðs- og lögreglubíla og aðra viðbragðsaðila.

Fundi Héraðsnefndar slitið kl. 16:13

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð

Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg

Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Gestur Þór Kristjánsson, Sveitarfélagið Ölfus

Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg

Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg

Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg

Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg

Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg

Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur

Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur

Alesandra Rós Jóhannesdóttir, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi

Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð

Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur

Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi

Árni Eiríksson, Flóahreppur

Jóhanna Ýr Jóhannsdóttir, Hveragerði

Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus

Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus

Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði

Rósa Sif Jónsdóttir, ritar